

Nr. 5/1892:

Kristín Jakobsdóttir  
 gegn  
 Oddi Thorarensen.

## D ó m u r:

Hinn 23. okt. f. á. rak hinn stefndi, Oddur Thorarensen, vinnukonu sína, Kristínu Jakobsdóttur, er var vistráðið hjú hans frá 14. maí 1891 til 14. maí 1892, úr vistinni. Höfðaði hann síðan mál gegn henni fyrir lögreglurjetti Akureyrarkaupstaðar til endurborgunar á 6 kr. 37 a., er hann kvaðst hafa greitt henni um of í kaup, og þar að auki krafðist hann, að hún yrði dæmd til að greiða sjer tiltölulegt kaup samkvæmt 28. gr. hjúalaga 26. jan. 1866 fyrir tímabilið frá 23. okt. 1891 til 14. maí 1892, að hún yrði dæmd til sekta samkvæmt 19. gr. tjeðra laga og til málskostnaðargreiðslu. Áfrýjandi, Kristín Jakobsdóttir, krafðist á hinn bóginn, að hún yrði algjörlega sýknuð, og stefndi dæmdur til að borga henni málskostnað, svo og, að hann yrði dæmdur í sekt fyrir óþarfa málsýfing. Áfrýjandi hafði gjafvörn fyrir undirrjetti, svo og gjafsókn í gagnsóknarmáli, er hún höfðaði gegn stefnda til greiðslu á kaupgjaldseptirstöðvum, 18 kr., og matarverði, 23 kr., eða samtals 41 kr., og hafði fengið sjer talsmann skipaðan, er krafðist nefndrar upphæðar, svo og, að stefndi yrði dæmdur til að greiða málskostnað, þar með talin málflutningslaun til hans.

Hinn 17. nóv. f. á. var mál þetta dæmt í lögreglurjetti Akureyrarkaupstaðar með þeim úrslitum, að aðalkærandi (stefndi hjer fyrir rjettinum), lyfsali Oddur Thorarensen, var sýknaður af kærum og kröfum gagnkærandanda (áfrýjanda hjer fyrir rjettinum), en gagnkær-

andi, Kristín Jakobsdóttir, dæmd til að greiða aðalkæranda 6 kr. 37 a.; að öðru leyti skyldi hún vera sýkn af kær-um hans og kröfum. Málskostnaður var látinn falla niður. Málsvarnarlaun hins skipaða talsmanns Kristínar, Björns amtsskrifara Árnasonar, 5 kr., skyldu greiðast af almannafje.

Hjer fyrir rjettinum hefur áfrýjandi, sem hefur fengið gjafsókn og sjer skipaðan talsmann, krafizt, að hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur verði úr gildi felldur og áfrýjandi sýknuð af öllum kær-um og kröfum stefnda, en stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda eptirstöðvar af umsömdu kaupi (45 kr.) 18 kr. og matarverð samkvæmt 30. gr. hjúalaga 26. jan. 1866 frá 23. okt. 1891 til 14. maí 1892 23 kr., samtals 41 kr., svo og allan málskostnað fyrir báðum rjettum, málsfærslulaun fyrir yfirdómi 20 kr., og öll rjettargjöld, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt, að hinn áfrýjaði dómur verði að öllu leyti staðfestur og að áfrýjandi verði dæmd til að greiða málskostnað fyrir landsyfirdómi eins og málið ekki væri gjafsóknarmál.

Sem ástæðu fyrir burtrekstri áfrýjanda úr vistinni hefur stefndi talið, að áfrýjandi hafi sýnt óhlýðni og þrjúzku, og einkum og sjer í lagi, að hún hafi þann dag, er hann rak hana úr vistinni, þrjúzkast við að koma með disk, sem hún var beðin um að rjetta úr eldhúsinu í borðstofuna. Áfrýjandi hefur neitað því, að hún hafi lagt það í vana sinn að vera óhlýðin og að sýna þrjúzku, en hefur játað, að hún þann dag, er henni var vísað burtu úr vistinni, hafi látið fyrirfarast að rjetta disk inn í borðstofuna, er húsmóðir hennar þrívegis hafði boðið henni að koma með, en í síðasta skiptið (4.?), er kallað var eptir diskinum, hafi hún farið

með hann, en þá hafi húsmóðir hennar verið komin fram fyrir stofudyrnar til að sækja hann. Það er ekki upplýst í málinu, hve ótt hafi verið kallað eptir diskinum, en áfrýjandi var við línþvott í eldhúsinu, er þetta skeði. Þetta, sem nú hefur verið lýst, er sú eina yfirsjón áfrýjanda, er sannast hefur upp á hana, og virðist hún ekki vera þess eðlis, að hún verði nefnd frek og viðvarandi þrjúzka; en það er að eins slík þrjúzka, sem hjúalögin 27. gr. 2. telur gilda burtrekstrarsök. Með því stefndi hefur þannig ástæðulaust rekið áfrýjanda úr vistinni, getur hann ekki komið hjá að greiða áfrýjanda samkvæmt 30. gr. hjúalaganna hið eptirstandandi kaup fyrir vistarárið 18 kr. og matarverð fyrir tímenn frá 23. okt. 1891 til 14. maí 1892 með 23 kr., og hefur þessum upphæðum ekki verið mótmælt. Svo verður hann og samkvæmt þessum úrslitum málsins að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum, er þykir hæfilega ákveðinn 40 kr., og er þar í fólgið kaup handa svaramanni áfrýjanda í hjeradi, 5 kr., og talsmannskaup hennar fyrir yfirdómi 20 kr.

Að því leyti málið hefur verið varið og gagnsótt með gjafvörn og gjafsókn í hjeradi og sótt með gjafsókn fyrir yfirdómi, vottast, að það hefur verið flutt löglega.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn stefndi, lyfsali Oddur Thorarensen, á að greiða áfrýjanda, Kristínu Jakobsdóttur, 41 kr. Svo ber honum og að lúka málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi með 40 krónum, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða málfutningsmanns áfrýjanda í hjeradi, Björns Árnasonar, 5 kr., og til

hins skipaða málfutningsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi landritara Hannesar Hafsteins, 20 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-  
birtingu hans undir aðför að lögum.

Mánudaginn 10. októbermánaðar.

Nr. 32/1892:

Rjettvísín

gegn

Sigurði Bjarnasyni.

D ó m u r :

Með dómi aukarjettar Árnessýslu, gengnum 2. júní-  
mán. p. á., var hinn ákærði, Sigurður Bjarnason, dæmd-  
ur fyrir þjófnað framinn í 1. sinn til fangelsishegning-  
ar við vatn og brauð í 5 daga og til að greiða allan af-  
sökinni og varðhaldi sínu leiðandi kostnað, þar með tal-  
in málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans, Guð-  
mundar hreppstjóra Ísleifssonar, 4 krónur.

Þessum dómi er að beiðni hins ákærða áfrýjað til  
landsyfirdómsins.

Að því formhlið málsins snertir, skal það tekið  
fram, að þá er málið fyrst var tekið fyrir, var það fyr-  
ir lögreglurjetti, í stað þess að það átti að vera fyrir  
aukarjetti, en með því farið hefur verið með málið að  
öllu öðru leyti sem sakamál, getur það ekki haft ónýt-  
ing málsins í för með sjer. Í annan stað er þess að  
geta, að hjeradsdómaranum ekki er stefnt í áfrýjunar-  
stefnunni, eins og vera bar, en þar sem hann í stefn-  
unni — áður en hann ritaði undir hana — hefur lýst  
því yfir, að hann sem undirdómari láti sjer nægja þessa